

HVAR ERU RÍKISSTÖRFIN?

Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2024



Þróunarsvið, 16. september 2025
Þorkell Stefánsson



Helstu niðurstöður

- Stöðugildi á vegum ríkisins voru 29.054 við áramót 2024/2025. Á árinu 2024 fjölgaði stöðugildum um 538 eða 1,9%.
- Flest stöðugildi á vegum ríkisins eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (70%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%).
- Hæsta hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins af íbúafjölda á vinnualdri (15-64 ára) er á höfuðborgarsvæðinu 12,3% og þar næst á Norðurlandi vestra 12,2%. Lægsta hlutfall stöðugilda af íbúafjölda á vinnualdri er á Suðurlandi 7,9% og Vesturlandi 8,3%.
- Stöðugildum kvenna fjölgaði um 351 (1,9%) árið 2024 en stöðugildum karla fjölgaði um 187 (1,9%).
 - Stöðugildum karla fjölgaði mest hjá Landspítala og félögum tengdum ISAVIA en þeim fjölgaði einnig hjá Háskóla Íslands, Landsvirkjun og Þjóðgarðinum á Þingvöllum.
 - Stöðugildum kvenna fjölgaði mest hjá Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Háskóla Íslands.
- Mest fjölgun stöðugilda árið 2024 varð í Reykjavík (402 – m.a. vegna Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins), í Hafnarfirði (52 – helst vegna Sólvangs og Hafrannsóknarstofnunar) og í Reykjanesbæ (37 – m.a. vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Fjölbautaskóla Suðurnesja). Einnig fjölgaði stöðugildum talsvert í Kópavogsbæ, Akureyrarbæ, Ísafjarðarbæ, Suðurnesjabæ og Akraneskaupstað.
- Stöðugildum fækkaði um átta eða fleiri í Grindavíkurbæ, Norðurþingi, Hveragerðisbæ, Rangárþingi ytra, Húnaþingi vestra, Vestmannaeyjabæ og Fjallabyggð.
- Um 45% stöðugilda á vegum ríkisins heyra undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins, eða um 13.000 stöðugildi. Þeirra á meðal eru rúmlega fimm þúsund stöðugildi vegna Landspítalans og mikill fjöldi starfa hjá heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum. Mörg stöðugildi eru einnig vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis (10%), innviðaráðuneytis (9%), mennta- og barnamálaráðuneytis (8%) og dómsmálaráðuneytis (8%).

Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Byggaðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi á stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Starfsfólk banka í ríkiseigu er ekki talið með í greiningunni. Þá eru verktakar ekki taldir með heldur aðeins launafólk.

Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda karla og kvenna við áramót 2024/2025. Starfsfólk eru mun fleira en stöðugildin en hér eru upplýsingarnar settar fram sem fjöldi stöðugilda. Þá er miðað við hvar störfín eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Í töflum er fjöldi stöðugilda námundaður við næstu heilu tölu. Frekari tölulegar upplýsingar má finna í [mælaborði sem kemur út samhliða þessari skýrslu](#).

Mikið er lagt upp úr því að hafa gögnin sambærileg á milli ára. Því fer gagnaöflun fram með skipulögðum hætti og drjúgum tíma er varið í að rýna gögnin. Þó ber þess að geta að enn gætu leynst villur í gögnunum og fögnum við öllum ábendingum um það sem betur má fara. Gögn eru uppfærð aftur í tímann eftir því sem tilefni er til. Frekari upplýsingar veitir Þorkell Stefánsson, sérfræðingur á þróunarsviði í síma 455-5400 eða í tölvupósti, thorkell@byggdastofnun.is.

Landið allt

Í töflu 1 má sjá heildarfjölda stöðugilda 2014-2024. Stöðugildum hefur alltaf fjölgað á milli ára en þó mest árið 2021, m.a. vegna sóttkvíar starfsfólks í heilbrigðisgeiranum. Árin 2022 og 2023 fjölgaði stöðugildum um u.þ.b. 800 á ári en árið 2024 hafði dregið úr fjölguninni þó hún væri 538 stöðugildi eða 1,9%. Íbúum landsins fjölgaði um 1,5% á árinu 2024.

Þann 31. desember 2024 var heildarfjöldi stöðugilda 29.054, þar af voru 18.802 skipuð af konum og 10.252 af körlum. Hlutfall stöðugilda kvenna hefur hækkað frá áramótum 2013/2014 úr 63% í um 65% við áramót 2024/2025. Mest fjölgun stöðugilda hjá stökum aðilum árið 2024 var hjá Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en stöðugildum fækkaði m.a. hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Útlendingastofnun og RÚV.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda frá áramótum 2014/2015.

Dagsetning	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting milli ára
31.12.2014	14.379	8.429	22.808	+154 (+0,7%)
31.12.2015	14.622	8.557	23.178	+371 (+1,6%)
31.12.2016	15.054	8.686	23.739	+561 (+2,4%)
31.12.2017	15.523	8.889	24.412	+673 (+2,8%)
31.12.2018	15.877	9.024	24.901	+489 (+2,0%)
31.12.2019	16.019	9.200	25.219	+317 (+1,3%)
31.12.2020	16.462	9.126	25.587	+368 (+1,5%)
31.12.2021	17.369	9.564	26.933	+1346 (+5,3%)
31.12.2022	18.028	9.671	27.699	+766 (+2,8%)
31.12.2023	18.451	10.065	28.516	+817 (+2,9%)
31.12.2024	18.802	10.252	29.054	+538 (+1,9%)

Flokkun stöðugildanna 29.054 með hliðsjón af forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta, nr. 6/2022¹ má sjá í töflu 2. Stöðugildi hjá stofnunum sem hér flokkast undir yfirstjórn ríkisins, eru 351 stöðugildi. Þar af eru flest vegna Alþingis og ríkisstjórnar og önnur vegna Ríkisendurskoðunar, umboðsmanns alþingis og embættis forseta Íslands. Um 45% stöðugilda ríkisins heyra undir heilbrigðisráðuneytið eða 13.042. Þar af eru rúmlega fimm þúsund vegna Landspítala. Auk þess er stór hluti stöðugildanna vegna hjúkrunarheimila, heilsugæslu og heilbrigðisstofnana. Um 10% stöðugilda heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti eða 2.969. Stærstur hluti þeirra eru vegna háskólanna og þar er Háskóli Íslands veigamestur með um 1.700 stöðugildi.

Alls tilheyra 2.654 stöðugildi innviðaráðuneytinu, eða 9%, og þar munar mest um stöðugildi hjá ISAVIA og tengdum félögum, Íslandspósti og Vegagerðinni. Um 8% eða 2.450 heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið en það eru fyrst og fremst störf í framhaldsskólum landsins. Dómsmálaráðuneytinu tilheyra 2.430 stöðugildi eða 8%. Flest þeirra eru hjá lögreglu- og sýslumannsembættum og nokkur hluti hjá dómstólum, Landhelgisgæslunni, Þjóðkirkjunni og Fangelsismálastofnun. Með málaflokkum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins teljast 1.296 stöðugildi eða 4%. Þeirra á meðal eru stöðugildi hjá Landsvirkjun, RARIK, Veðurstofu Íslands og Umhverfisstofnun. Undir fjármála- og efnahagsráðuneytið heyra 1.015 stöðugildi eða 3%. Stór hluti þeirra er hjá Skattinum og ÁTVR. Stöðugildi sem heyra undir menningar- og viðskiptaráðuneytið eru 871 eða 3% og eru meðal annars hjá RÚV, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsinu og Landsbókasafninu.

Undir matvælaráðuneytið heyra 648 stöðugildi eða 2% en Land og Skógur, Hafrannsóknarstofnun, Matvælastofnun og Matís eru meðal stofnana sem heyra undir málaflokka þess. Undir málaflokka félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins flokkast 509 stöðugildi eða 2%, meðal annars vegna Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Forsætisráðuneytinu fylgja 486 stöðugildi eða 2%, þar af er stór hluti vegna Seðlabanka Íslands og nokkur hluti vegna Hagstofu Íslands. Utanríkisráðuneytið hefur 333 stöðugildi eða 1%, en þar undir eru aðalskrifstofa ráðuneytisins, Sendiráð Íslands, Íslandsstofa o.fl.

¹ Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 6/2022: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2022006.html>

Tafla 2. Fjöldi stöðugilda eftir málaflokkum ráðuneyta.

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Hlutfall stöðugilda
Yfirstjórn ríkisins	191	160	351	1,2%
Heilbrigðisráðuneyti	10.709	2.333	13.042	44,9%
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	1.713	1.256	2.969	10,2%
Innviðaráðuneyti	979	1.675	2.654	9,1%
Mennta- og barnamálaráðuneyti	1.552	898	2.450	8,4%
Dómsmálaráðuneyti	1.094	1.336	2.430	8,4%
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	513	783	1.296	4,5%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	484	531	1.015	3,5%
Menningar- og viðskiptaráðuneyti	482	389	871	3,0%
Matvælaráðuneyti	304	344	648	2,2%
Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	356	152	509	1,8%
Forsætisráðuneyti	242	244	486	1,7%
Utanríkisráðuneyti	182	150	333	1,1%
Samtals stöðugildi	18.802	10.252	29.054	100,0%

Á höfuðborgarsvæðinu búa 64% landsmanna en þar eru um 70% allra ríkisstarfa unnin (tafla 3). Fjöldi stöðugilda ríkisins samsvarar um 7% af íbúafjölda landsins, eða rúmlega 11% íbúa á vinnualdri (15-64 ára). Hlutfall stöðugilda af mannfjölda á vinnualdri er hæst á höfuðborgarsvæðinu (12,3%) og næst hæst á Norðurlandi vestra (12,2%) en lægst á Suðurlandi (7,9%). Stöðugildum fjölgaði mest á höfuðborgarsvæðinu eða um 491 milli ára, mest vegna Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Háskóla Íslands. Mesta hlutfallslega fjölgunin var erlendis, fyrst og fremst vegna stöðugilda við alþjóðlega þróunarsamvinnu. Þar fyrir utan fjölgaði stöðugildum hlutfallslega mest á Vestfjörðum eða um 6,5% en sú fjölgun er aðallega á Ísafirði. Stöðugildum fjölgaði einnig nokkuð á Suðurnesjum, t.d. hjá félögum tengdum ISAVIA, Fjölbrautarskóla Suðurnesja og Hrafnistu. Mesta fækkun stöðugilda var á Suðurlandi eða um 36 stöðugildi. Þar varð m.a. fækkun á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Ási dvalar- og hjúkrunarheimili.

Tafla 3. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins.

	Stöðu- gildi kvenna	Stöðu- gildi karla	Samtals stöðu- gildi	Breyting frá 31.12.23	Íbúafjöldi 1. jan 2025	Hlutfall lands- manna	Hlutfall stöðugilda landsins	Hlutfall stöðugilda af íbúafj.	Íbúafjöldi 15-64 ára	Hlutf. stöðug. af íbúafjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæði	13.290	7.097	20.387	+491 (+2,5%)	249.054	64,0%	70,2%	8,2%	166.301	12,3%
Suðurnes	853	889	1.742	+27 (+1,6%)	29.577	7,6%	6,0%	5,9%	20.703	8,4%
Vesturland	645	280	925	+6 (+0,6%)	17.761	4,6%	3,2%	5,2%	11.172	8,3%
Vestfirðir	315	193	508	+31 (+6,5%)	7.176	1,8%	1,8%	7,1%	4.640	11,0%
Norðurland vestra	373	178	551	-10 (-1,7%)	7.355	1,9%	1,9%	7,5%	4.512	12,2%
Norðurland eystra	1.674	713	2.387	+7 (+0,3%)	32.026	8,2%	8,2%	7,5%	20.519	11,6%
Austurland	435	229	663	+11 (+1,7%)	11.217	2,9%	2,3%	5,9%	7.262	9,1%
Suðurland	1.182	634	1.816	-36 (-2,0%)	35.278	9,1%	6,3%	5,1%	22.882	7,9%
Erlendis	35	40	75	+11 (+17,4%)	-	-	-	-	-	-
Samtals	18.802	10.252	29.054	+538 (+1,9%)	389.444	100%	100%	7,5%	257.991	11,3%

Skipting stöðugilda niður á málaflokka ráðuneytanna er nokkuð mismunandi milli landshluta (mynd 1).

Stöðugildi sem falla undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins eru, eins og áður segir, 45% af stöðugildum á landsvísu en hlutfall þeirra innan landshluta er hæst 56% á Vesturlandi. Hlutfallið er einnig yfir 50% á Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Lægst hlutfall stöðugilda á vegum heilbrigðisráðuneytis er á Suðurnesjum 22% og næst lægst 38% á Norðurlandi vestra.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins eru um 10% allra stöðugilda á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er hæst á höfuðborgarsvæðinu 13% en næst hæst 11% á Norðurlandi eystra og þar næst 10% á Norðurlandi vestra og 7% á Vesturlandi. Í öðrum landshlutum eru stöðugildi vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins 1% eða minna af öllum stöðugildum. Hlutfall stöðugilda vegna málaflokka innviðaráðuneytisins er um 9% á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er lang hæst á Suðurnesjum eða 50%, fyrst og fremst vegna stöðugilda á vegum ISAVIA og tengdra félaga. Annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að stöðugildi sem heyra undir ráðuneytið séu vegna Íslandspósts og Vegagerðarinnar.

Stöðugildi sem tilheyra mennta- og barnamálaráðuneytinu eru um 8% stöðugilda landsins og eru flest þeirra vegna starfa í framhaldsskólum. Hæst er hlutfall þeirra 12% á Austurlandi og Norðurlandi eystra en lægst 6% á Suðurnesjum og 8% á Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu. Stöðugildi sem heyra undir dómsmálaráðuneytið eru um 8% stöðugilda á landsvísu. Á Suðurnesjum eru þau 16% allra stöðugilda og eru aðallega hjá Lögreglunni á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunni. Á Suðurlandi er hlutfall stöðugilda sem heyra undir dómsmálaráðuneytið 14%, flest eru þau vegna Fangelsismálastofnunar og Lögreglunnar á Suðurlandi.


Mörg stöðugildi á Vestfjörðum, eða 15%, tilheyra málaflokkum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Ástæða þess eru fyrst og fremst stöðugildi á vegum Orkubús Vestfjarða. Á Suðurlandi eru 12% stöðugilda vegna málaflokka ráðuneytisins enda er mikill fjöldi stöðugilda hjá Landsvirkjun, RARIK og Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Hlutfall stöðugilda sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið er hæst 4% á höfuðborgarsvæðinu og 3% Suðurnesjum. Flest stöðugildanna eru hjá Skattinum og ÁTVR. Flest stöðugildi undir menningar- og viðskiptaráðuneytinu eru á höfuðborgarsvæðinu en fá annars staðar, fyrir utan Norðurland eystra þar sem eru nokkur stöðugildi hjá RÚV og Ferðamálastofu.

Stöðugildi sem heyra undir matvælaráðuneytið eru á bilinu 2% til 4% stöðugilda í öllum landshlutum, fyrir utan Suðurland þar sem þau eru 6% og Suðurnes þar sem þau eru undir 1%. Á Suðurlandi er nokkur fjöldi stöðugilda hjá Land og Skógi og Matvælastofnun sem heyra undir matvælaráðuneytið.

Norðurland vestra sker sig úr vegna hlutfalls stöðugilda sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Þar heyra 6% stöðugilda undir ráðuneytið og er það aðallega vegna stöðugilda á vegum Vinnumálastofnunar.

Öll stöðugildi vegna yfirstjórnar ríkisins eru á höfuðborgarsvæðinu og flest stöðugildi sem heyra undir málaflokka forsætisráðuneytis eru einnig staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Eina undantekningin frá því eru stöðugildi hjá Jafnréttisstofu á Norðurlandi eystra. Utanríkisráðuneytið er með nokkur störf annars staðar á landinu en á höfuðborgarsvæðinu, fyrst og fremst eru það stöðugildi hjá Þýðingamiðstöð.



Mynd 1. Skipting stöðugilda ríkisins á málaflokka ráðuneyta í hverjum landshluta.

Höfuðborgarsvæðið

Stöðugildum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 491 eða 2,5% á árinu 2024 (tafla 4). Í Reykjavíkurborg voru stöðugildi við áramót 402 fleiri en á síðasta ári, eða sem nemur 2,4%. Þar fjölgaði töluvert hjá Landspítala og nokkuð hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Háskóla Íslands og SÁÁ. Á mót fækkaði stöðugildum m.a. hjá RÚV, Alzheimersamtökunum, Þjóðminjasafni Íslands, Vinnumálastofnun og Verzlunarskóla Íslands. Í Hafnarfjarðarkaupstað fjölgaði stöðugildum um 52 eða 4,8% milli ára, mest vegna Sólvangs og Hafrannsóknarstofnunar. Stöðugildum í Kópavogi fjölgaði um 31 eða 3,3%. Meðal annars fjölgaði hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, Hrafnistu, Veðurstofunni og á nýrri starfsstöð Sýslumannsins á Norðurlandi vestra í Kópavogi.² Í Mosfellsbæ fjölgaði stöðugildum um sjö og í Garðabæ fjölgaði um þrjú en í Seltjarnarnesbæ fækkaði stöðugildum um fjögur.

Tafla 4. Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Garðabær	282	283	271	263	272	273	293	455	449	479	482
Hafnarfjarðarkaupstaður	750	652	671	659	612	612	797	810	1.012	1.083	1.135
Kjósarhreppur	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Kópavogsbær	657	644	787	790	856	982	992	1.018	988	949	980
Mosfellsbær	304	304	299	265	270	271	284	291	277	271	278
Reykjavíkurborg	14.176	14.517	14.673	15.092	15.437	15.596	15.816	16.380	16.562	17.003	17.405
Seltjarnarnesbær	32	34	33	51	48	102	99	101	106	110	106
Samtals	16.201	16.435	16.735	17.121	17.495	17.837	18.282	19.056	19.397	19.896	20.387

² Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra sinnir sérverkefnum á landsvísu, þ.e. rekstur innheimtumiðstöðvar og framkvæmd laga um sjóði og stofnanir með staðfesta skipulagsskrá.

Suðurnes

Á Suðurnesjum fjölgaði stöðugildum um 27 eða 1,6% á árinu 2024 (tafla 5). Í Reykjanesbæ fjölgaði ríkisstöðugildum um 37 eða 6,1%, mest hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og nokkuð hjá Fjölbrautarskóla Suðurnesja, Hrafnistu og Vinnumálastofnun. Á móti varð fækkun hjá Lögreglunni á Suðurnesjum í Reykjanesbæ. Í Suðurnesjabæ fjölgaði um 26 eða 2,4%, mest vegna fjölgunar hjá félögum tengdum ISAVIA, Lögreglunni á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunni. Stöðugildum í Grindavíkurbæ fækkaði úr 43 í 7 enda hefur íbúum þar fækkað mikið í kjölfar jarðeldanna á Reykjanesskaga.

Tafla 5. Stöðugildi á Suðurnesjum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Grindavíkurbær	35	37	38	40	40	40	40	51	43	43	7
Reykjanesbær	460	479	489	497	497	509	544	578	598	608	645
Suðurnesjabær	504	604	753	896	913	839	645	828	971	1.064	1.090
Sveitarfélagið Vogar	1	1	1	0	0	1	1	0	0	0	0
Samtals	1.000	1.121	1.281	1.433	1.449	1.389	1.230	1.457	1.612	1.715	1.742

Vesturland

Á Vesturlandi fjölgaði stöðugildum um sex árið 2024 (tafla 6). Á Akranesi fjölgaði stöðugildum um 18 eða 4,2% en víðast hvar annars staðar í landshlutanum fækkaði stöðugildum eða fjöldinn stóð í stað. Á Akranesi fjölgaði stöðugildum m.a. hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands og hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða en á móti fækkaði stöðugildum þar þegar Landmælingar Íslands fóru inn í Náttúrufræðistofnun. Í Snæfellsbæ fækkaði stöðugildum um sjö eða 15,2%, mest hjá Umhverfisstofnun. Stöðugildum fækkaði um þrjú í Borgarbyggð og Sveitarfélaginu Stykkishólmi en um eitt í Skorradalshreppi. Í Dalabyggð fjölgaði stöðugildum um tvö.

Tafla 6. Stöðugildi á Vesturlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Akraneskaupstaður	334	329	346	367	378	382	370	393	409	428	446
Borgarbyggð	248	255	228	222	218	221	224	231	252	241	238
Dalabyggð	58	61	61	60	58	55	51	55	58	55	57
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grundarfjarðarbær	52	49	50	49	49	51	54	55	53	52	52
Hvalfjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	1	0	0	0	0
Skorradalshreppur	0	0	0	3	4	4	4	7	7	5	4
Snæfellsbær	40	38	43	43	42	46	42	43	43	46	39
Sveitarfélagið Stykkishólmur	100	91	87	85	84	83	86	87	88	92	89
Samtals	834	824	816	831	833	843	832	870	909	919	925

Vestfirðir

Á Vestfjörðum fjölgaði stöðugildum um 31 eða 6,5% árið 2024 og var fjölgunin að mestu bundin við Ísafjarðarbæ (tafla 7). Í Ísafjarðarbæ fjölgaði stöðugildum um 30 eða 8,8%, aðallega vegna Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða en einnig vegna nýrrar starfsstöðvar Sýslumannsins á Norðurlandi vestra,³ Vegagerðarinnar og Menntaskólans á Ísafirði. Í Reykhólahreppi og Vesturbyggð fjölgaði stöðugildum um tvö en í Strandabyggð fækkaði um eitt stöðugildi. Í Árneshreppi og Bolungarvíkurkaupstað var fjöldi stöðugilda á vegum ríkisins sá sami og árið áður.

Tafla 7. Stöðugildi á Vestfjörðum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Árneshreppur	2	2	2	2	2	1	1	1	1	1	1
Bolungarvíkurkaupstaður	33	28	27	26	23	22	21	26	24	24	24
Ísafjarðarbær	281	287	312	316	322	318	326	347	359	342	372
Kaldrananeshreppur	0	0	0	0	1	1	1	0	0	0	0
Reykhólahreppur	10	12	13	12	11	12	12	11	11	11	13
Strandabyggð	38	39	41	38	40	40	39	38	40	39	38
Súðavíkurhreppur	1	1	0	0	1	1	0	0	0	0	0
Vesturbyggð	51	53	58	55	54	55	57	58	55	59	61
Samtals	414	420	453	449	454	449	457	481	491	477	508

³ Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra sinnir sérverkefnum á landsvísu, þ.e. rekstur innheimtumiðstöðvar og framkvæmd laga um sjóði og stofnanir með staðfesta skipulagsskrá.

Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra fækkaði um tíu ríkisstöðugildi árið 2024 eða 1,8% (tafla 8). Mest fækkun varð í Húnaþingi vestra eða um níu stöðugildi sem samsvarar 11,3%. Þar fækkaði stöðugildum m.a. hjá Umhverfisstofnun, Íslandspósti og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í Húnabyggð fjölgaði stöðugildum um sjö eða 6,9% en þar varð fjölgun m.a. hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Landsvirkjun. Í Sveitarfélaginu Skagatrönd fækkaði stöðugildum um fimm eða 12,8%, helst vegna Vinnumálastofnunar. Í Skagafirði fækkaði stöðugildum um tvö.

Tafla 8. Stöðugildi á Norðurlandi vestra.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Húnabyggð	100	95	93	96	98	93	97	98	96	101	108
Húnaþing vestra	64	66	62	63	64	66	65	71	72	80	71
Skagafjörður	286	290	299	299	304	307	324	346	338	341	339
Sveitarfélagið Skagatrönd	36	35	34	35	36	38	43	44	40	39	34
Samtals	485	485	488	494	502	504	528	558	546	561	551

Norðurland eystra

Stöðugildum fjölgaði um sjö eða 0,3% á Norðurlandi eystra á árinu 2024 (tafla 9). Fjölgunin var að mestu bundin við Akureyrarbæ en þar fjölgaði stöðugildum um 30 eða 1,6%. Þar fjölgaði mest hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Háskolanum á Akureyri. Í Norðurþingi fækkaði stöðugildum um 19 eða 8,2%, mest hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Í Fjallabyggð fækkaði stöðugildum um átta, m.a. hjá Hjúkrunarheimilinu Hornbrekku og Íslandspósti. Í Dalvíkurbyggð fækkaði stöðugildum um fjögur og í Langanesbyggð fækkaði um eitt stöðugildi. Í Þingeyjarsveit fjölgaði ríkisstöðugildum um fjögur eða 5,6%. Í Eyjafjarðarsveit og Grýtubakkahreppi stóð fjöldi stöðugilda í stað.

Tafla 9. Stöðugildi á Norðurlandi eystra.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Akureyrarbær	1.397	1.406	1.444	1.491	1.526	1.542	1.579	1.734	1.771	1.838	1.868
Dalvíkurbyggð	53	53	55	53	52	52	52	58	61	63	59
Eyjafjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	2	1	14	16	16
Fjallabyggð	114	113	110	111	108	108	110	117	117	121	113
Grýtubakkahreppur	10	9	9	10	12	13	12	14	12	13	13
Hörgársveit	2	2	1	1	1	1	1	0	0	0	0
Langanesbyggð	12	19	20	21	20	20	22	24	27	25	27
Norðurþing	193	199	200	204	206	210	211	224	231	233	214
Svalbarðsstrandarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þingeyjarsveit	55	55	58	71	63	65	62	65	64	72	76
Samtals	1.837	1.857	1.898	1.963	1.989	2.013	2.051	2.237	2.297	2.380	2.387

Austurland

Stöðugildum fjölgaði um tíu eða 1,5% á Austurlandi árið 2024 (tafla 10). Fjölgunin er aðallega bundin við Fjarðabyggð, þar sem stöðugildum fjölgaði um 13 eða 4,9%. Í Fjarðabyggð fjölgaði stöðugildum m.a. hjá Verkmenntaskóla Austurlands og Heilbrigðisstofnun Austurlands en þar varð fækkun á móti hjá Lögreglunni á Austurlandi. Í Fljótsdalshreppi fjölgaði stöðugildum um eitt. Í Múlaþingi fækkaði stöðugildum um tvö og í Vopnafjarðarhreppi fækkaði um eitt stöðugildi.

Tafla 10. Stöðugildi á Austurlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjarðabyggð	247	246	247	233	243	238	235	245	256	263	276
Fljótsdalshreppur	15	15	14	15	15	15	15	16	17	19	20
Múlaþing	288	283	291	300	292	292	300	311	318	341	339
Vopnafjarðarhreppur	24	28	28	28	29	28	29	28	30	30	29
Samtals	574	572	580	575	578	573	578	600	621	653	663

Suðurland

Stöðugildum fækkaði um 36 eða 1,9% á Suðurlandi árið 2024 (tafla 11). Mest fækkaði stöðugildum í Hveragerðisbæ, eða um 16 stöðugildi sem samsvarar 7,2%. Fækkunin í Hveragerði er aðallega hjá Ási dvalar- og hjúkrunarheimili. Rangárþingi ytra fækkaði stöðugildum um 12 eða 12,4%, fyrst og fremst vegna tímabundinnar lokunar meðferðarheimilisins Lækjarbakka. Í Sveitarfélaginu Hornafirði fækkaði ríkisstöðugildum um sjö eða 4,7% en þar varð fækkun m.a. hjá Vatnajökulspjóðgarði og Lögreglunni á Suðurlandi, þó fjölgað hafi m.a. á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði. Í Vestmannaeyjabæ fjölgaði einnig um sjö stöðugildi sem eru 3,6%, en þar varð nokkur fækkun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í Rangárþingi eystra fækkaði stöðugildum um fimm, þar sem m.a. fækkaði hjá hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli og RARIK. Mest fjölgun varð í Bláskógabyggð eða um níu stöðugildi en það samsvarar 12,0%. Þar fjölgaði stöðugildum nokkuð hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Stöðugildum fjölgaði um þrjú í Mýrdalshreppi, um tvö í Sveitarfélaginu Árborg og eitt í Skaftárhreppi. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fækkaði stöðugildum um tvö og í Sveitarfélaginu Ölfusi fækkaði einnig um tvö. Eins stöðugildis fækkun varð í Hrunamannahreppi en fjöldi stöðugilda stóð í stað í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tafla 11. Stöðugildi á Suðurlandi.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Ásahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bláskógabyggð	49	62	61	72	83	85	54	61	81	75	84
Grímsnes- og Grafningshreppur	14	14	14	15	16	15	14	13	17	17	17
Flóahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hrunamannahreppur	3	3	2	4	5	4	4	4	4	4	3
Hveragerðisbær	174	185	200	200	197	192	193	208	208	222	206
Mýrdalshreppur	37	34	37	41	41	45	41	42	44	40	43
Rangárþing eystra	79	82	75	74	75	81	88	100	101	100	95
Rangárþing ytra	99	98	98	105	103	99	98	100	99	97	85
Skaftárhreppur	21	28	24	26	28	30	30	27	31	33	34
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	40	40	39	44	56	57	50	47	50	51	49
Sveitarfélagið Árborg	599	589	581	583	599	627	656	677	776	850	852
Sveitarfélagið Hornafjörður	108	101	108	127	129	126	140	135	141	148	141
Sveitarfélagið Ölfus	18	19	19	20	22	20	20	19	21	20	18
Vestmannaeyjabær	166	158	168	168	180	166	175	179	187	195	188
Samtals	1.406	1.411	1.428	1.477	1.535	1.547	1.564	1.613	1.760	1.852	1.816

Erlendis

Stöðugildi sem unnin eru erlendis á vegum íslenska ríkisins voru 75 í árslok 2024 og hafði þá fjölgað um ellefu milli ára, fyrst og fremst tengt alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Flest stöðugildin erlendis eru í sendiráðum Íslands.